



**Stjórnarfundur haldinn 28. okt. 2004 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá UMFÍ v/ Skinfxa. Næsta blað kemur út í byrjun desember. Óskað er eftir efni í blaðið frá félaginu og deildum þess einnig að myndir fylgi með.

Bréf frá formanni körfuknattleiksdeildar v/yfirdráttar í Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi. Aðalstjórn samþykkir beiðni körfuknattleiksdeildar um yfirdrátt allt að einni miljón króna í tvo mánuði eða til 6. desember 2004.

Bréf frá HÍ og umboðsmanns barna v/málþings sem heitir Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna.

Bréf frá Valdimari G. Fræðslufulltrúa UMFÍ v/námskeiðs í styrkumsóknum 3. nóv. Sett í hólf deilda.

Bréf frá Valdimari G. Fræðslufulltrúa UMFÍ v/ boð um að halda námskeið í að Læra að standa upp og tjá þig. Ákveðið að halda námskeiðið 29. nóv kl. 17:00 í félagsheimili Keflavíkur. Námskeiðið kostar tuttugu þúsundkrónur.

Bréf frá formanni körfuknattleiksdeildar v/evrópukeppni en deildin fer þess á leit við aðalstjórn félagsins að hún sendi formann félagsins með liðinu til Frakklands. Einar vék af fundi undir þessum lið og Kári G. tók við fundarstjórn. Ákveðið er að senda formann félagsins með í þessa ferð.

**3. Send bréf.**

Bréf sent til MÍT v/ leiðréttingar á fundargerð 40. fundar MÍT.

**4. Deiliskipulag á íþróttasvæði Keflavíkur v/bílastæða innisundlaugar við Sundmiðstöðina við Sunnubraut.**

Einar bauð þá Árna Sigfússon bæjarstjóra, Gunnar Oddson formann MÍT, Stefán Bjarkason íþróttafulltrúa, Rúnar Arnarson formann knattspyrnudeildar og Jón Ólsen velkomna á stjórnarfund félagsins undir þessum lið. Einar gaf síðan Árna orðið. Árni S. kynnti þær breytingar á deildskipulagi sem kæmu til vegna innisundlaugar sem eru aðalega vegna fjölgun bílastæða. Fjörugar umræður urðu um málefnið og önnur íþróttmál í sveitarfélaginu. Einar þakkaði þeim félögum fyrir komuna og góða kynningu. Framkvæmdastjóra var síðan falið að senda bæjaryfirvöld bréf þess efnis

frh.



Keflavík íþróttasvæði og ungmennafélag fyrirmyndarfélag ÍSí





að félagið gerir ekki athugasemdir við þá deiliskipulagstillögu sem kynnt var á fundinum.

5. Námskeið á vegum félagsins.

Ákveðið er að halda námskeið í að Læra að standa upp og tjá þig. Námskeiðið verður haldið 29. nóv kl. 17:00 í félagsheimili Keflavíkur og er eitt kvöld.

6. Íþróttamaður Keflavíkur 2004.

Ákveðið að vera með útnefninguna 27. desember kl.20:00 í félagsheimili félagsins. Framkvæmdastjóra falið að senda til deilda um að þær skili inn sínum tilnefningum og skilafrestur á því er 3. desember 2004.

7. Önnur mál.

Bjarney S. sagði frá því að Bikarmótið í sundi færi fram 19.-21. nóv. og keppnin færi fram í Sundhöll Reykjavíkur. Keppt verður í fyrstu og annarri deild og sendir ÍRB lið í báðar deildir.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:30.

